

Fundarsköp Reykjavíkurbings 2024

Stjórn Varðar hefur samþykkt að svofelld fundarsköp gildi, eftir því sem unnt er, á Reykjavíkurbinginu við afgreiðslu tillagna og ályktana:

1. Á Reykjavíkurbinginu starfar málefna- og samræmingarnefnd sem skipuð var af hálfu stjórnar Varðar hinn 19. desember 2023.
2. Málefna- og samræmingarnefnd leggur fram drög að stjórn málaályktun fyrir Reykjavíkurbing sem birt skulu að minnsta kosti einni viku fyrir setningu þingsins. Drögunum verður skipt niður á vinnuborð á Reykjavíkurbingi eftir málefnum.
3. Tillögur fundarmanna varðandi einstaka þætti draganna skulu bornar upp og ræddar í vinnuhópum á fundinum. Ef tillögur fundarmanna eru umfangsmiklar skulu þær jafnframt fengnar málefna- og samræmingarnefnd fundarins skriflega.
4. Drög að ályktun Reykjavíkurbingsins sem vinnuhópar hafa samþykkt verða afhent málefna- og samræmingarnefnd sem samræmir texta ályktunarinnar. Síðar á þinginu verður ályktunin afgreidd á almennum fundi.
5. Hafi breytingartillaga verið felld í vinnuhópi er heimilt að leggja hana fram á fundinum með almennum hætti að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:
 - 1. Ritara vinnuhóps sé tilkynnt um að leggja eigi tillögu fram áður en vinnuhópur lýkur störfum.
 - 2. Safna verður undirskriftum 10 þingfulltrúa til stuðnings tillögunni. Leggja verður fram undirskriftir, áður en málið er borið upp á almenna fundinum.

Þegar flutningsmaður tillögu, sem felld hefur verið í vinnuhóp, hefur tilkynnt ritara ætlun sína um að flytja hana á almennum fundi, færir ritari hana til bókar og afhendir starfsmönnum Reykjavíkurbingsins, eftir að fundi vinnuhóps hefur verið slitið.

Þá getur ritari vinnuhóps ávallt flutt breytingartillögu á fundinum, um að texti ályktunar sé færður til upprunalegs horfs (og þannig horfið frá breytingu sem samþykkt hefur verið í vinnuhóp). Jafnframt getur almennur fundur Reykjavíkurbingsins tekið málamiðlunartillögur ritara vinnuhópa til afgreiðslu með afbrigðum.

6. Formaður málefna- og samræmingarnefndar kynnir drög að stjórn málaályktun að lokinni málefnavinnu í vinnuhópum. Ræðutími hans miðast við 15 mínútur. Miðað skal við að aðrir ræðumenn tali ekki lengur en 2 mínútur. Þegar því tímamarki er náð skal fundarstjóri stöðva málflutning ræðumanna.

Með þessum fundarsköpum er ætlunin að gera störf Reykjavíkurbingsins markviss og beinskeytt og leitast við að tryggja að þeim tíma sem ætlaður er fyrir almennar umræður á Reykjavíkurbinginu verði fyrst og fremst varið til umræðna um meginatriði en ágreiningur um orðalag og minniháttar áhersluatriði sé afgreiddur í vinnuhópum Reykjavíkurbingsins.